

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-145/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. nóvember 2010 bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á A bifreið af Y. Álitsbeiðandi telur bifreiðina haldna göllum og krefst þess að seljandi greiði fyrir viðgerð á bifreiðinni.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 26. nóvember sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Hinn 11. þ.m. móttók kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beiðni þína um álit nefndarinnar vegna kaupa þinna á A bifreið af X. Af hálfu kæruneftndarinnar var fljótlega óskað eftir gögnum um bifreiðarkaupin og viðgerðina á henni. Engin gögn hafa borist.

Kæruneftndin gefur þér nú frest til þess að skila umbeðnum gögnum til mánudagsins 6. desember nk. Berist gögnin ekki fyrir þann tíma má búast við því að kæruneftndin vísi beiðninni frá sér samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 26. nóvember sl.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni Y er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir